

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áráðni – Ábyrgðin er okkar

**Fundargerð 3.umdæmisstjórnarfundar í Kiwanisumdæminu Ísland-Færeyjar, starfsárið 2010-2011 haldinn laugardaginn 16. apríl 2011 kl. 10:00 í Kiwanishúsi Engjateigi 11 Reykjavík.**

## Mættir:

Óskar Guðjónsson umdæmisstjóri, Ragnar Örn Pétursson kjörumdæmisstjóri/ stefnumótunarnefnd, Hjördís Harðardóttir umdæmisritari, Atli Þórsson umdæmisféhirðir, Jón Jakob Jóhannesson svæðisstjóri Eddusvæðis Erlendur Örn Fjeldsted svæðisstjóri Grettissvæðis Gísli Valtýsson svæðisstjóri Sögusvæðis, Hildisif Björgvinsdóttir svæðisstjóri Ægissvæðis Gylfi Ingvarsson formaður K- dagsnefndar, Ástbjörn Egilsson formaður laga-og ályktananevndar, Stefán B. Jónsson formaður þingnefndar, Björn Baldursson formaður ferðanevndar, Andrés Hjaltason tengiliður við fyrrverandi umdæmisstjóra.

## Forföll:

Matthías G. Pétursson fráfarandi umdæmisstjóri, Ómar Hauksson erlendur ritari Lára Einarsdóttir svæðisstjóri Óðinssvæðis, Ingólfur Friðgeirsson svæðisstjóri Þórssvæðis, Sæmundur H. Sæmundsson formaður fræðslunefndar, Sigurður Svavarsson útbreiðslu – og fjölgunarnefnd, Guðmundur Óli Ólafsson formaður tryggingarsjóð Kiwanis, Þyrí Marta Baldursdóttir upplýsinga- og blaðafulltrúi/ritstjóri Kiwanisfréttar, Björn Ágúst Sigurjónsson formaður styrktarsjóðs / KIF, Guðmundur Oddgeir Indriðason formaður hjálmanefndar, Tómas Sveinsson formaður Internetnefndar, Arnór L.Pálsson formaður fjárhagsnefndar, Konráð Konráðsson tengiliður við gagnagrunn KI.

## Gestir:

Birgir Sveinsson verðandi umdæmisféhirðir, Emelía Dóra Guðbjartsdóttir verðandi erlendur ritari, Axel Bender fjárhagsnefnd.

## Dagskrá

### 1. Fundarsetning

Umdæmisstjóri Óskar Guðjónsson setti fundinn kl. 12:20 og bauð alla velkomna.

### 2. Skýrslur umdæmisstjórnar og umræður um þær

- Skýrsla umdæmisstjóra – Óskar Guðjónsson
- Skýrsla umdæmisritara – Hjördís Harðardóttir
- Skýrsla umdæmisféhirðis – Atli Heiðar Þórsson
- Skýrsla svæðisstjóra Ægissvæðis – Hildisif Björgvinsdóttir

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áráðni – Ábyrgðin er okkar

- Skýrsla svæðisstjóra Sögusvæðis – Gísli Valtýsson
- Skýrsla svæðisstjóra Óðinssvæðis – Lára Einarsdóttir
- Skýrsla svæðisstjóra Grettissvæðis – Erlendur Örn Fjeldsted
- Skýrsla svæðisstjóra Eddusvæðis – Jón Jakob Jóhannesson
- Skýrsla svæðisstjóra Þórsvæðis – Ingólfur Friðgeirsson

## *Sjá má skýrslurnar sem fylgiskjöl með fundargerðinni*

**Björn** tók fyrstur til máls og sagði að það væri ekki löglegt að skuldbinda félagi í mörg ár í sambandi við beiðni frá Styrktarsjóðinum varðandi nýja heimsverkefnið.

**Erlendur** svaraði Birni og sagði að félagarnir í klúbbum gætu samþykkt þetta.

**Ástbjörn** svaraði þessu og sagði að klúbburinn getur lýst yfir samþykki varðandi skuldbindingar sem ná yfir einhver ár en ávallt verður að taka tillit til peningastöðu klúbbsins hverju sinni. Það væri rétt að stjórn getur ekki skuldbindið næstu stjórn.

Ástbjörn bar því næst fram spurningu um hvort að Sinawik hefði samþykkt að gerast Kiwanisfélagar en í skýrslu umdæmisstjóra kom fram að hann hefði sent beiðni til KI um að hægt verði að telja Sinawik konur til Kiwanisfélaga.

**Óskar** svaraði Ástbirni og sagði að hann væri bara kanna hvort að þetta næði fram að ganga, hann hefði ekki viljað vekja væntingar sem yrðu kannski ekki.

**Andrés** sagði að það væri jákvætt hvað vel hefði gengið að fjölga félögum og sagðist vona að framhald væri á því. Kvennanefndin væri að skila góðum árangri enda félli markmið Kiwanis vel að konum. Hann varpaði fram þeirri hugmynd að fara á Sinawik fundi og kynna Kiwanis.

**Ástbjörn** sagði að áður fyrr hefði það alveg verið skýrt að Sinawik konur vildu ekki tengjast Kiwanis formlega, en kannski væri það breytt.

**Andrés** svaraði og sagði að árið 1987 hefðum við ekki viljað konur í Kiwanis og að margt hefði breyst síðan þá. Sinawik væri alveg sér félagsskapur.

**Stefán** tók næstur til máls og tók undir það sem fram kom í skýrslu svæðisstjóra Sögusvæðis varðandi tímamann sem fer í að komast á svæðisráðstefnur fyrir Ós félagi og kannski væri rétt að fjarfundarbúnaður væri framtíðin.

**Óskar** sagði að framkvæmdastjórn hefði rætt það að prófa að funda í gegnum Skype þar sem varðandi umdæmisféhirðir býr í Vestmannaeyjum.

**Andrés** sagði að sér þætti tímabært að Kiwanishreyfingin endurvekji umræðuna um sjálfvíg með Lífsvísi. Mikið væri um ungt fólk væri að taka sitt eigið líf núna.

**Atli** sagði að hann væri var við það í sinni vinnu að sjálfsvíg hefðu aukist og tók undir með Andrésí varðandi Lífsvísi.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræðni – Ábyrgðin er okkar

### 3. Skýrslur nefndarformanna og umræður um þær

- Skýrsla ritstjóra Kiwanisfrétta – Þyrí Marta Baldursdóttir
- Skýrsla Þingnefndar - Stefán B. Jónsson
- Skýrsla K-dagsnefndar – Gylfi Ingvarsson
- Skýrsla Internetnefndar – Tómas Sveinsson

### Skýrslur þessar nefndarformanna fylgja með fundargerðinni

**Formaður Ferðanefndar Björn Baldursson** sagði að enn væri hægt að skrá sig í ferðina á heimsþingið, hann væri með 11 laus sæti. Kiwanisfélagar úr 7 klúbbum væru skráðir, alls 29 manns.

**Hildisif** tók til máls og sagðist ekki sátt við það sem kom fram í skýrslu formanns K –dagsnefndar um að ekkert væri verið að tala um K-daginn í klúbbunum. Því hún hefði alltaf minnst á K- lykillinn í sínum heimsóknum. Hún sagði jafnframt að Eldey og Hof væru búnir að skipuleggja söluna hjá sér. Félagar hefðu spurt hvort að hægt væri að fá posa og einhverjum félögum finnst verðið of hátt.

**Erlendur** spurði hvort að möguleiki væri á því að afhenda öllum börnunum hjálmana þann 27.apríl, bjóða á bæjarstjórum að koma með einn bekk á hátíð hjá Eimskip þennan dag. Erlendur sagði líka að það hefði verið góð kynning á K-deginum á Sauðárkróki á svæðisráðstefnu þar.

**Ragnar Örn** tók næstur til máls og þakkaði fyrir góðar og innihaldsríkar skýrslur. Hann sagði að það væri leiðinlegt að formaður útbreiðslunefndar væri ekki mættur, hann hefði ekki heldur mætt á umdæmisstjórnarfundinn í janúar. Ragnar Örn sagði að hann ætli senda öllum formönnum nefnda tölvupóst fljótlega þar sem koma fram þær væntingar sem hann hefur til formanna nefnda og hvað þarf að skoða eða laga.

Jafnframt sagði hann að eftir K –daginn núna þarf að setjast niður og fara yfir það sem betur hefði mátt fara t.d varðandi þátttöku umdæmisins við nefndina því að umdæmið ber ábyrgð á þessum degi ekki nefndin.

Ragnar tók líka undir það að nota Skype eða annan fjarfundarbúnað en samt ekki alltaf því það er alveg nauðsynlegt fyrir fólk að hittast af og til.

**Andrés** kom með fyrirspurn til formanns K –dagsnefndar og spurði hvort það ætti að útbúa skjal til fyrirtækja sem styrkja. Eins sagði hann að félagar yrðu að taka þátt í sölunni. Aðeins 40% af Kiwanisfélögum tóku þátt í sölunni síðast.

**Björn** spurði hvort að það yrði opið hús t.d á Engjateiginum, þar sem hægt væri að nálgast eitthvað ef vantaði og jafnvel hafa heitt á könnunni. Eins velti Björn því fyrir sér hvað yrði um lyklana sem yrðu eftir að sölu lýkur og hvort að hægt væri að fá kvittanir til fyrirtækja.

**Jón Jakob** tók næstur til máls og sagði að búið væri að skipuleggja söluna í Eddusvæði.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræðni – Ábyrgðin er okkar

**Gylfi** sagði að hægt yrði að fá posa, verið væri að semja um þá. Varðandi sölu í fyrirtæki sagði Gylfi að ef félagar selja til fyrirtækja fyrir 10. maí þá ætti ekki að afhenda lyklna fyrir en 14. maí. Hvað varðar verðið á lyklinum þá mætti ekki gleyma því að við værum að selja hlut sem nýttist fólki og hægt er að láta skera lykilinn ókeypis. Gylfi sagði frá því að einn dagur í Kringlunni kostar um 35 þúsund kr. ef við viljum selja þar.

Það verður opið hús á meðan salan verður og hann sagði að það væri ekkert því til fyrirstöðu að selja lyklna eftir 14 maí ef eitthvað verður eftir þá.

**Stefán** spurði hvort að það væri ekki ráð að setja kvittanir til fyrirtækja inn á heimasíðuna og klúbbar gætu nálgast þær þar.

**Ástbjörn** sagði að við gætum aldrei reiknað með meira en 50% hámarksmeitingu í sölu, það verður að virkja fólkið. Þetta er okkar helsti flöskuháls.

**Emelía Dóra** tók næst til máls og sagði að hún hefði sett inn teljara sem telur niður dagana til K-dags á Sólborgarsíðuna. Þegar hún hefði kannað hvort að hægt væri að setja inn á heimasíðu umdæmisins svona teljara hefði það kostað 40 þúsund hjá SmartMedia en þessir kóðar eru ókeypis á netinu. Emelía Dóra sagði líka frá því að K-dagsnefndin hefði útbúið hóp á Facebook og væru þau dugleg við að setja inn upplýsingar um K –daginn. Hún hvatti jafnframt fundarmenn um að deila þessum upplýsingum á sinni síðu.

**Óskar** sagði frá því að Eimskip verður með hátíð 27. apríl kl.10:00 þar verða fyrstu hjálmarnir afhentir. Þjóða á bæjarstjórnnum úr nærliggjandi bæjarfélögum og taka þeir einn sjö ára bekk með sér. Eftir hádegi þennan dag mun Eimskip keyra út hjálmana.

Óskar sagði líka frá því að Neytendastofa hefi óskað þess við Eimskip og Kiwanishreyfinguna að send yrðu út bréf til allar barna sem fengu hjálma í fyrra þar sem fram kemur að hjálmarnir eru ekki ætlaðir til skíðaiðkunar.

#### 4. Kynning á framboði til „KI Trustee at Large“

Andrés Kristinn Hjaltason fyrrverandi umdæmisstjóri og Keilisfélagi, kynnti sitt framboð sjálfur og sagði að hann hefði fengið áskoranir hérlendis sem erlendis um að gefa kost á sér í þetta embætti sem kosið verður í á heimsþingi í sumar. Hann sagði að kosið væri í þetta embætti til 3. ára og einungis félagar utan USA og Kanada geta boðið sig fram í þetta sæti og hafa atkvæðisrétt í kosningum um sætið. Komið væru fram tvö önnur framboð, kona frá Suður Ameríku og karlmaður frá Nýja Sjálandi. Stjórnarfundir í heimsstjórn eru fjórir á ári. Hverjum stjórnarmanni er falið að hafa eftirlit og heimsækja þrjú umdæmi á hverju ári. Andrés sagði að ef hann næði kjöri þá mun hann fara á umdæmisþingið okkar á Hornafirði sem fulltrúi KI. Að lokum sagði Andrés að hann teldi að mjög gott væri að rödd Íslands heyrst í heimsstjórn. Eyjólfur Sigurðsson er eini Íslendingurinn sem hefur átt sæti í heimsstjórn.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áræðni – Ábyrgðin er okkar

## 5. Ávarp kjörumdæmisstjóra

Ragnar Örn kynnti kjörorð umdæmisstjórnar 2011-2012 sem eru :

- **Margar hendur vinna léttu verk**

Markmið umdæmisstjórnar 2011-2012 eru :

- **Vinna – saman**
- **Standa – saman**
- **Fjölga – saman**
- **Gaman – saman**

Ragnar Örn kynnti sína embættismenn, umdæmisritari verður Benóný Arnar Guðmundsson úr Keili, umdæmisféhirði verður Birgir Sveinsson úr Helgafelli og erlendur ritari verður Emelía Dóra Guðbjartsdóttir úr Sólborg.

Að sögn Ragnar Arnar er verið að vinna í stefnumótun 2011-2016 sem verður tilbúin á næstu dögum og verður hún þá kynnt klúbbunum. Síðan verður stefnumótunin tekin fyrir á þinginu eftir hádegi á föstudeginum.

Kjörumdæmisstjóri sagði að hann hefði í vetur heimsótt níu klúbba og ætlar að halda því áfram. Búið að halda fræðslu fyrir svæðisstjóra og forseta næsta árs.

Hann sagði frá því að KI hefði sett strangar reglur um hverjir geta orðið embættismenn og þarf að skila inn sakavottorði. Við þurfum kannski líka að setja stífari reglur varðandi okkar embættismanna. Forsetar leiða klúbba og við þurfum að gera kröfur til þeirra t.d að þeir mæti á boðaðar fræðslur.

## 6. Fjárhagsáætlun 2011-2012

Axel Bender lagði fram fjárhagsáætlun fyrir umdæmið og Kiwanisfréttir vegna næsta starfsárs.

**Hildisif** gerði athugasemd varðandi Kiwanisfréttir og spurði afhverju verið væri að gera ráð fyrir auglýsingartekjum í blaðið, þessi liður stenst aldrei.

**Ragnar Örn** tók næstu til máls og þakkaði fjárhagsnefnd fyrir vel unnin störf. Hann sagði að við verðum að reyna að fá auglýsingar í blaðið, pappír hefði hækkað mikið. Gætum t.d selt auglýsingu í blaðið og auglýsingu inn á heimasíðuna okkar í einum pakka.

## 7. Milliuppgjör 2010-2011

**Atli** lagði fram milliuppgjör fyrir fyrstu 6 mánuði starfsársins. Þar koma fram að 2,5 milljónir eru í hagnað. En samkvæmt umdæmisféhirði þá væri reynslan sú að seinni hluti starfsársins væri alltaf kostnaðarsamari en sá fyrri og því mætti búast við minni hagnað að loknu starfsári .

## 8. Önnur mál:

**Erlendur** tók til máls og lauk umræðum dagsins með því að segja stutta en skemmtilega sögu .

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Efling, kraftur, áráðni – Ábyrgðin er okkar

Óskar umdæmisstjóri þakkaði fólki fyrir góðan fund og sleit síðan fundi kl.15:50

Hjördís Harðardóttir  
Umdæmisritari

